

Alþingi  
Erindi nr. Þ 127/2002  
komudagur 23.4.2002



Verkfraeðingafélag  
Íslands

90  
1912-2002

Association of  
Chartered  
Engineers in  
Iceland

Reykjavík 22. apríl 2002

Menntamálanefnd Alþingis  
Formaður menntamálanefndar  
Gunnar Birgisson  
Alþingi

150 REYKJAVÍK

**Málefni: Umsögn um frumvarp um Tækniháskóla Íslands.**


Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er megin tilgangur þess að aðlaga lög um Tækniskóla Íslands að lögum um háskóla. Verkfraeðingafélag Íslands vill gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Tækniskóli Íslands stendur í heild sinni á engan hátt undir þeim kröfum og væntingum sem tengjast nafninu Tækniháskóli eins og það er notað erlendis, enda er nafnið alls staðar erlendis tengt kennslu og rannsóknum í verkfræði en ekki tæknifræði.

Með samþykkt frumvarpsins er líklegt að kennsla við Tækniskólann muni smám saman fjarlægjast tæknifræði, en nálgast verkfræði. Þar með muni í raun koma upp annar skóli til kennslu í verkfræði á Íslandi við hliðina á Verkfraeðideild Háskóla Íslands, en kennsla í tæknifræði muni hugsanlega glatast. Þetta myndi í raun leiða til færri valmöguleika í tækninámi á Íslandi sem yrði tækniþekkingu á Íslandi ekki til framdráttar.

VFÍ vill ítreka fyrri afstöðu sína, sem kemur fram m.a. í sameiginlegri menntastefnu VFÍ og TFÍ ásamt fyrri ályktunum félaganna og menntamálanefnda þeirra, að æðra tækninámi á Íslandi verði endurskipulagt og samræmt þannig að námsbrautir til tæknifræðigráðu og verkfræðigráðu verði í boði við sömu menntastofnun til að auka hagræðingu og skilvirkni.

Virðingafyllst,

  
Hákon Ólafsson  
formaður VFÍ

Engjateig 9 • 105 Reykjavík • Sími: 568 8511  
Bréfsími: 568 9703 • vfi@vfi.is • www.vfi.is  
Kennitala: 680269 6299

Engjateigur 9 • IS - 105 Reykjavík • Tel: +354 568 8511  
Fax: +354 568 9703 • E-mail: vfi@vfi.is • www.vfi.is